



155. fundur Byggðarráðs
F26-09-088

Byggðarráð Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 16.9.2026, 15:15 – 18:06. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Zophonías Ari Lárusson formaður
Ritari: Dagný Rósa Úlfarsdóttir ritari
Fundinn sátu: Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður
Grímur Rúnar Lárusson aðalmaður
Starfsmaður: Pétur Arason sveitarstjóri

Jón Gíslason boðaði forföll.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið.

1. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Sigurður Erlingsson kemur inn á fundinn og fer yfir vinnu við fjárhagsáætlun 2027.

Sigurður Erlingsson kom inn á fundinn og lagði fram verkáætlun fyrir vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2027. Formleg vinna við fjárhagsáætlun mun hefjast á næsta fundi byggðarráðs og ljúka í nóvember. Einnig var kynnt ný uppfærsla NAV sem er fjármálastjórnunarkerfi Húnabyggðar en uppfærslan hefur staðið yfir síðustu daga og gengið vel.

2. M26-09-583 - Opnunartími Íþróttamiðstöðvar

Kynning á auknum opnunartíma Íþróttamiðstöðvar

Lagt fram til kynningar aukinn opnunartími Íþróttamiðstöðvar. Opnunartími lengist á mánudögum til fimmtudaga úr kl. 6:30-21:00 í 6:30-22:00 og á föstudögum úr kl. 7:45-18:00 í kl. 6:30-20:00. Eftir sem áður verður opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 10:00-17:00.

Þetta er gert til að mæta aukinni eftirspurn íbúa og gesta. Byggðarráð fagnar aukinni aðsókn í Íþróttamiðstöðina sem helst í hendur við þá miklu uppbyggingu sem þar hefur verið undanfarin ár.

3. M26-09-559 - Fjallskilastjóranefnd

Erindi frá fjallskilastjórum varðandi fundarboðun.

Byggðarráð tók fyrir erindi frá fjallskilaneftnd og áréttar að á meðan samþykktum sveitarfélagsins hefur ekki verið breytt starfar fjallskilaneftnd samkvæmt erindisbréfi sínu. Sveitarstjóra falið að boða til fyrsta fundar.

4. M26-09-573 - Samningur vegna afnota af húsnæði

Samningur um afnot Farskólans af húsnæði í eigu Húnabyggðar skólaárið 2026-2027

Tekinn fyrir endurnýjaður samningur við Farskólann vegna samstarfs á skólaárinu 2026-2027. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum.

5. M26-09-574 - Rekstrarstyrkur 2027

Árlegt framlag til Farskólans.

Tekinn fyrir rekstrarstyrkur við Farskólann vegna skólaárisins 2026-2027. Byggðarráð vísar beiðninni til vinnu við fjárhagsáætlun 2027.

6. M26-08-488 - Drög að reglum um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Lögð fram drög að reglum um skólavist utan lögheimilissveitarfélags sem byggðarráð samþykkir með áorðnum breytingum og vísar til staðfestingar í sveitarstjórn Húnabyggðar.

7. M26-09-580 - Skýrsla Markviss 2026 og styrkbeiðni 2027

Skýrsla fyrir árið 2026 og styrkbeiðni fyrir 2027.

Skýrsla um starfsemi Markviss á árinu 2026 ásamt styrkbeiðni vegna starfseminnar á árinu 2027 lögð fram til kynningar. Mikið og gott starf hefur verið unnið á árinu og góður árangur náðst. Byggðarráð vísar styrkbeiðni Markviss til vinnu við fjárhagsáætlun 2027.

8. M26-09-587 - Reglur um akstur framhaldsskólanema í FNV

Lögð fram til kynningar drög að reglum um akstur framhaldsskólanema í FNV. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram miðað við umræður fundarins.

9. M26-09-590 - Samningur um leigu á landspildu og nýrækt við Húnavelli

Byggðarráð ákveður að segja upp samningi um landspildu í landi Húnavalla, dagsettan 7. júní 2021 frá og með deginum í dag en samningurinn hefur eins árs uppsagnarfrest.

10. M26-09-576 - Menningarnefnd vegna félagsheimilisins á Blönduósi

Byggðarráð tekur undir bókun atvinnu- og menningarnefndar frá 26. fundi nefndarinnar þess efnis að sveitarfélagið taki yfir rekstur Félagsheimilisins á Blönduósi á meðan ákveðið verður hvernig rekstri hússins til framtíðar verður háttað. Byggðarráð samþykkir að atvinnu- og menningarnefnd vinni að málinu áfram ásamt starfsmönnum Húnabyggðar sem vinna að viðburðastjórnun um það hvernig rekstri Félagsheimilisins á Blönduósi verði háttað á næstu árum.

11. M26-09-584 - Ályktanir á haustþingi SSNV

Erindi frá Sveinbjörgu Pétursdóttur framkvæmdarstjóra SSNV um tillögur frá sveitarfélaginu vegna haustþings SSNV.

Byggðarráð leggur til að eftirfarandi mál verði sett fram á haustþingi SSNV:

- Samgöngumál
- Loftlagsmál og að SSNV sjái um málaflokkinn fyrir sveitarfélög á NV
- Raforkuöryggi og afhending raforku á Norðurlandi vestra
- Örugg fjarskipti
- Heilbrigðisþjónusta
- Farsæld barna
- Endurgreiðsla vsk. af byggingu sveitarfélaga á skólastofnunum

Sveitarstjóra falið að senda tillögurnar til SSNV.

12. M26-08-473 - Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga

Fundargerð frá aðalfundi Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 21. ágúst sl.

Lagt fram til kynningar.

13. M26-09-571 - Fundargerð 484. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands

Fundargerð frá stjórnarfundum Hafnasambands Íslands sem haldinn var 19. ágúst sl.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið 18:06.